

Alþingi
Erindi nr. þ 139/765
komudagur 7.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. desember 2010

RH/SLB/043/2010

Efni: Frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja - 238. mál.

Vísað er til tölvubrúfs dags. 25. nóvember 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun vill vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

- 1) Tryggingastofnun hefur yfir að ráða miklu safni viðkvæmra upplýsinga sem stofnunin er bundin þagnarskyldu um. Mikilvægt er að varlega sé farið með undanþágu frá þeirri skyldu og ekki sé gengið lengra en nauðsyn krefur hverju sinni.
- 2) Samkvæmt 7. tölulið 2. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að safna frá Tryggingastofnun ríkisins gögnum sem innihalda upplýsingar um útgreiðslur bóta til einstaklinga. Í greinargerðinni kemur fram að þessi söfnun upplýsinga nái einnig til *slysatrygginga almannatrygginga*, þ.e. til sjúkrá hjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

Tryggingastofnun fer ekki með slysatryggingar almannatrygginga heldur Sjúkratryggingar Íslands sbr. 2. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Samkvæmt því er nauðsynlegt að gera breytingar á 2. gr. frumvarpsins og bæta Sjúkratryggingum Íslands við upptalningu á þeim iögaðilum sem þar er að finna sé vilji til þess að fá upplýsingar um útgreiðslur bóta *slysatrygginga* til einstaklinga. Þess skal þó getið að Tryggingastofnun fer með útgreiðslur slysatrygginga þegar örorkumat vegna slyss er yfir 50%.

- 3) Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er þeim lögaðilum sem þar eru taldir upp skylt að veita ráðherra umbeðnar upplýsingar á því formi sem ráðherra tiltekur án endurgjalds og innan þeirra tímamarka sem hann ákveður hverju sinni.

Afar mikilvægt er að nýta gögn Tryggingastofnunar við úttekt á fjárhagsstöðu heimila, en jafnframt þarf að mæta kostnaði stofnunarinnar vegna aukinnar gagnaöflunar og nýrrar úrvinnslu gagna, verði um slíkt að ræða.

Tryggingastofnun hefur á undanförunum misserum þurft að hagræða verulega í rekstri sínum, bæði vegna skipulagsbreytinga í almannatryggingum með

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is

tilkomu Sjúkratrygginga Íslands og eins vegna almennra hagræðingarkrafna ríkisins í kjölfar bankahruns. Umfangsmikil gagnaöflun og nýjar tegundir samkeyrslna viðskiptavina stofnunarinnar sem eru um 55 þúsund talsins gætu orðið verulega kostnaðarsamar. Mikilvægt að taka tillit til þess og nýta eins og kostur er þá gagnaöflun sem þegar er stunduð og þá vinnslu gagna sem fram fer með reglubundnum hætti hjá Tryggingastofnun við mat á fjárhagsstöðu heimilanna.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lillý Baldursdóttir

Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri